

## Fundargerð

Fundur í stjórn Siðfræðistofnunar, haldinn mánudaginn 6. nóvember 2000, kl. 12:30.  
Mætt voru: Vilhjálmur Árnason formaður, Björn Björnsson, Irma Sjöfn Óskarsdóttir,  
og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.
2. Næsti Skálholtsfundur verður haldinn 24. – 25. nóvember og verður umræðuefnið greining erfðagalla á fósturstigi. Lögð var fram drög að dagskrá fundarins ásamt þáttökulista.
3. Fundargerð annars fundar starfshóps um M.A. nám í siðfræði, sem haldinn var 3. nóvember s.l., lögð fram. Vilhjálmur sagði ljóst að framboð námskeiða við skólana þrjá nægði ekki til að standa undir 60 eininga M.A. námi. Af þessum sökum hefði starfshópurinn rætt þann möguleika að H.Í. byði fram 30 eininga nám í Hagnýttri siðfræði (líkt og nám í Hagnýttri fjölmiðlun við Félagsvísindadeild) næsta haust. Það gæfi möguleika á að samnýta námskeið sem nú eru í boði í HA og KHÍ. Þá sagði Vilhjálmur að gagnrýnisraddir hefðu heyrst innan heimspekiskorar, t.d. með það fyrirkomulag að Siðfræðistofnun hefði umsjón með framhaldsnámi en ekki skorin sjálf. Vilhjálmur sagði næsta skrefið að kynna þessa nýju hugmynd innan skólanna þriggja.
4. Lögð fram drög að reglum um Siðfræðistofnun með vísun í 26. gr. nýrrar reglugerðar um H.Í.. Reglur þessar eru lítið eitt breyttar frá drögum að reglugerð sem stjórnin samþykkti á síðasta ári. Reglurnar voru samþykktar og ákveðið að senda þær áfram til Háskólaráðs ásamt bréfi þar sem farið væri formlega fram á að Siðfræðistofnun yrði sjálfstæð stofnun sem heyrði beint undir Háskólaráð. Þá var einnig rætt um húsnæðismál stofnunarinnar og þann kost að starfsmaður flytti aðstöðu sína í Hugvísindastofnun a.m.k. tímabundið.
5. Lögð fram drög að minnislista til rektors þar sem ný sjónarmið um nám í Hagnýttri siðfræði eru kynnt, ásamt nýjum reglum um stofnunina og tillögum að breytingum á húsnæðismálum. Starfsmanni falið að kynna þessi sjónarmið fyrir rektor.
6. Irma lagði fram bréf frá verkefnisstjóra Kristnihátíða á Biskupsstofu þar sem fjallað er um Kirkjudaga sem verða á Jónsmessu 2001. Í bréfinu er óskað eftir þátttöku Siðfræðistofnunar í dagskránni og að stofnunin tilnefni ábyrgðamann úr sínum röðum fyrir þessum þætti. Irmu falið að fylgjast með þessu máli a.m.k. til að byrja með.
7. Vilhjálmur greindi frá fundum sínum annars vegar við Nigel Dower, prófessor í heimspeki við University of Aberdeen og hins vegar Elfar R. Loftsson, prófessor við Södertörns höskola í Svíþjóð um samvinnu um verkefni í

þróunarskiðfræði. Meðal annars kom fram að Siðfræðistofnun býðst að senda fulltrúa sinn á ráðstefnu í Uppsölum 30. nóv. – 1. des n.k. um „Regional Collaboration for Development“.

Fleira ekki gert og fundi slitið rétt fyrir 14:00

S.N.